

Upplýsingafundur rektors

20. febrúar 2024

Jón Atli Benediktsson, rektor



Yfirlit

1. Nokkrir nýliðnir viðburðir
2. Á döfinni í Háskóla Íslands
3. Fram undan

Nokkrir nýliðnir viðburðir

A group of ten people, five men and five women, are gathered around a long wooden conference table. Three people are seated at the table, while seven are standing behind them. They are all dressed in professional attire, including suits, blazers, and sweaters. The background is a light-colored wall with a large, abstract blue and white mural. The overall atmosphere is formal and professional.

Ný rannsóknastofnun á sviði lífeyrismála 20. desember



Samstarf um sameiginlegan rekstur Lífsýnasafns Hjartaverndar og hýsingu gagnasafns vísindarannsókna Hjartaverndar hjá HÍ



Vilmundur Guðnason sæmdur fálkaorðunni á nýársdag

A photograph of an audience seated in a room with wood-paneled walls. In the foreground, a woman with long brown hair wearing a colorful patterned sweater and a man with glasses wearing a dark suit jacket are looking towards the left. Other audience members are visible in the background. A yellow banner with blue text is overlaid at the bottom.

Menntun í ferðatösku 4. janúar



Háskólaþing 17. janúar

Skrifstofa rektors í heimsókn á
Menntavísindasviði 22.-23. janúar



Akkerisfundur HÍ26 30. janúar



UT-messan í Hörpu 1.-2. febrúar





Árshátíð starfsfólks í Hörpu 9. febrúar

Jafnréttisdagar 12.-15. febrúar

- Þemað í ár var „Inngilding, jaðarsetning og aðför að mannréttindum“
- Jafnréttisdagar voru haldnir í fyrsta sinn við HÍ 2009 en eru nú samstarfsverkefni allra innlendu háskólanna

Á döfinni í Háskóla Íslands

**Mat á fýsileika aukins samstarfs
eða sameiningar Háskóla Íslands
og Háskólans á Hólum**

Hugmynd um háskólasamstæðu

- Skýrsla stýrihóps sem byggir m.a. á viljayfirlýsingu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og rektora háskólanna frá 15. ágúst sl.
- Lagt til við háskólaráð beggja skóla að hefja formlegar viðræður um stofnun nýrrar háskólasamstæðu með það að markmiði að efla háskólastarf á Íslandi og styrkja sókn á alþjóðlegum vettvangi
- Gert verði samkomulag við stjórnvöld sem taki m.a. til húsnæðismála og fjárhagslegrar skuldbindingar til að halda úti öflugri háskólastarfsemi á starfsstöðvum samstæðunnar
- Háskólaráð beggja háskóla hafa fjallað um málið
- Mikilvægt að tryggja aðkomu starfsfólks og nemenda
- Samhliða verði hafin athugun á því hvort aðild að slíkri háskólasamstæðu geti verið kostur fyrir fleiri innlenda háskóla og rannsóknastofnanir

Fjármál



Fjárlög og fjárhagsáætlanagerð

- Í desember sl. vantaði um 1.200 m.kr. til að endar næðu saman í fjárhagsáætlunum fræðasviða og stjórnsýslu fyrir árið 2024
- Við lokaafgreiðslu fjárlaga bættist við 300 m.kr. framlag frá Hapdrætti HÍ sem léttir á húsnæðislið og rekstri skólans
- Þrátt fyrir þessa viðbót og mikla vinnu við að draga úr kostnaði, m.a. með því að leggja ekki fé til Sáttmálasjóðs, vantar enn 200-300 m.kr. til að endar nái saman
- Fjármálanefnd háskólaráðs vinnur að sparnaðartillögum
- Starfshópur háskólaráðs um útreikning á tímafjölda að baki námskeiðum og mögulega samræmingu settur aftur af stað


Fjármál (frh.)

- Þrátt fyrir að nýtt fjármögnunarlíkan stjórnvalda skili sambærilegri heildar raunfjárveitingu til HÍ 2024 og var 2023, er ljóst að áhrif nýja líkansins eru mismikil eftir fræðasviðum sem kallar á frekari endurskoðun á deililíkani HÍ
- Viðræður við stjórnvöld um fámennar greinar
- Jafnframt verður haldið áfram samtali við stjórnvöld um fjárhagsstöðu skólans
- Tilboð um niðurfellingu skólagjalda til einkarekinna háskóla kom mjög á óvart

Reiknilíkan HVIN – deililíkan HÍ

1. Reiknilíkan HVIN
2. Deililíkan HÍ – áhrif einstakra breyta líkans
3. Hvernig fjármunum er dreift innan HÍ

Reiknilíkan HVIN



Breytingar í ársnemunum (2023-2024) í deililíkani HÍ



ÞREYTTAR EININGAR	HÍ	FVS	HVS	HUG	MVS	VoN
Deililíkan 2024, ársnemar	9.141	2.238	2.265	1.365	1.895	1.378
Breyting milli ára (´23 - ´24)	-797	-294	-103	-129	-190	-80
Breyting milli ára í %	-9%	-13%	-5%	-9%	-10%	-6%

LOKNAR EININGAR	HÍ	FVS	HVS	HUG	MVS	VoN
Deililíkan 2024, ársnemar	8.570	2.098	2.171	1.192	1.837	1.273
Hlutfall Loknar ein/Þreyttar ein	94%	94%	96%	87%	97%	92%
Viðbótarfækkun ársnema v/LE!	571	141	94	173	59	106
Heildarfækkun ársnema ´23 - ´24	-1.368	-435	-197	-302	-249	-186

Deililíkan HÍ 2024 fyrir útdelingu fjár til fræðasviða




Fjárveiting til fræðasviða = Kennslulíkan + Rannsóknalíkan + Annað

$$\text{Kennslulíkan} = c1 * (\text{Fjöldi nemendaígilda} * \text{Reikniflokkur}) + \begin{cases} 1.000 * BA/BS \\ 2.000 * MA/MS \end{cases}$$


$$\text{Rannsóknalíkan} = \begin{cases} 9.000 * \text{PhD útskrift} \\ 60 \text{ þ. kr. fyrir hvert rannsóknastig} \\ 60\%, 35\% \text{ eða } 20\% \text{ mótframlag fyrir styrki og sjálfsaflafé} \end{cases}$$

Annað = T. d. : mögulegar tryggingar, grunnfjárveiting (nýtt 2023), húsnæðiskostnaður


Skipting fjárveitingar innan HÍ árið 2024




Skipting fjárveitingar til fræðasviða 2024 (15,5 ma.kr.)



Samsetning fjárveitinga í deililíkani til fræðasviða 2023



Samsetning fjárveitinga í deililíkani til fræðasviða 2024



Frábær árangur akademísks starfsfólks HÍ á sviði innlendra og alþjóðlegra samkeppnisstyrkja

- Rannsóknasjóður
- Innviðasjóður
- Alþjóðlegir styrkir, þ. á m. „ERC“
- Markviss sókn hafin í nýjustu áætlun Evrópusambandsins, „Horizon Europe“

Úthlutun úr Rannsóknasjóði 2024

- Alls bárust 353 umsóknir og voru 67 þeirra styrktar eða 19%
- Úthlutað var
 - 4 öndvegisstyrkjum og stendur fræðafólk HÍ að þeim öllum
 - 30 verkefnisstyrkjum og stendur fræðafólk HÍ að 24 þeirra
 - 11 nýdoktorastyrkjum og renna 6 þeirra til HÍ
 - 22 doktorsnemastyrkjum og fara 17 til HÍ
- Þetta er glæsilegur árangur, en það er áhyggjuefni að sjóðurinn hefur rýrnað verulega að raunvirði á sl. 3 árum

ERC í Háskóla Íslands


- Webinar frá “Yellow Research” haldið í október 2021 og áhugi kviknar...
- 5 styrkir til HÍ frá júní 2022
- Mikill metnaður og áhugi á ERC meðal akademísku starfsfólks HÍ:
 - 1 umsókn um Synergy Grant í maí 2023
 - 2 umsóknir um Advanced Grant í ágúst 2023
 - 4 umsóknir um Starting Grant í nóv. 2023
 - 2 umsóknir um Consolidator Grant í jan. 2024




Styrkir úr Horizon Europe áætluninni 2021-2024



Total amount Horizon Europe (EUR)




Number of projects in Horizon Europe




Aðrir stórir styrkir frá EC 2021-2024



Total amount Digital Europe (EUR)



AURORA 2030



Samstarf háskóla – önnur úthlutun

- Önnur úthlutun úr Samstarfi háskóla fór fram 30. janúar
- 55 umsóknir bárust og hlutu 35 verkefni styrk
- Úthlutað var tæplega 1,6 ma.kr.
- Stærstu styrkirnir í tengslum við sameiningar háskóla
- HÍ leiðir 17 verkefni og hlutu þau samtals 560 m.kr. styrk
- Á árinu verður auglýst í þriðja sinni eftir styrkumsóknum



Alþjóðlegt samstarf og nemendur



Fundur NUS (Nordisk Universitetssamarbejde) í Osló

Samstarf á vettvangi Evrópu


- Ráð Samtaka evrópskra háskóla (European University Association, EUA) fundaði á netinu 26. janúar sl.
- Sýn á mikilvægi háskólastarfs í Evrópu
- Aurora starfið gengur vel – verið er að ráða nýjan framkvæmdastjóra
- Alþjóðlegar umsóknir um nám í HÍ fyrir næsta skólaár hafa aldrei verið fleiri
- Heildarfjöldi umsókna 2.285 (voru 1.472 í fyrra)
- Innan EES 290, utan EES 1.990





Stefna Háskóla Íslands 2021-2026, HÍ 26

Áherslur í starfi HÍ 2021-2026



Verkefnastofnar HÍ26

Alþjóðlegt samstarf
um kennslu

Mannauður,
vinnustaðamenning og
þróun stjórnunar

Notendamiðuð
þjónusta og stafræn
umbylting stjórnsýslu

Samfélagsleg
nýsköpun, framfarir og
starfshæfni nemenda

Samstarf við samfélag
og margvíslegar leiðir
til miðlunar

Sjálfbærniáherslur í
kennslu, rannsóknum
og rekstri skólans

Styrkjasókn, nýliðun í
vísindum, opin vísindi
og siðferði vísinda

Umgjörð, fjármögnun
og gæði meistara- og
doktorsnáms

Uppbygging
rannsókn- og
kennsluinnviða og
þróun háskóla-
svæðisins í heild

Upplýsingatækni í
kennslu, námsframboð
og fjölbreytileiki
nemendahópsins

Miðbiksmat HÍ26

- Unnið með Bjarna Snæbirni Jónssyni hjá DecideAct
- Nokkur langtímamarkmið:
 - Aukið þverfaglegt samstarf og þverfræðileiki í námi
 - Traust og gott samstarf milli miðlægra eininga og fræðasviða
 - Minna álag á starfsfólk og meiri ánægja starfsfólks og nemenda með þjónustu
 - Hagræðing án þess að það komi niður á kjarnastarfsemi skólans

Mikilvægar áherslur


- Samþætting
- Skýr ábyrgð
- Notendamiðuð/þarfamiðuð hugsun í innri þjónustu
- Traustur grunnur þróunar og umbóta til framtíðar

HÁSKÓLARÁÐ OG REKTOR HÍ
skrifstofa rektors

SAMSKIPTA OG KYNNINGAMÁL

GÆÐI OG STJÓRNARHÆTTIR

ALÞJÓÐAMÁL



Hlutverk þróunarstjóra

- Byggja upp miðlæga fagþekkingu innan HÍ á umsjón og stjórnun þróunarverkefna
- Skipuleggja og hafa umsjón með innra samráði og þáttöku frá ólíkum einingum innan HÍ að því er varðar innri þróun
- Hafa notendamiðaða þjónustu og stafræna umbyltingu þjónustu i forgangi
- Hafa frumkvæði að því er varðar umræðu um framþróun á öllum sviðum innra starfs og stjórnsýslu HÍ
- Annast með beinum hætti stjórnun einstakra og viðamikilla þróunar- og samstarfsverkefna sem snerta starfsemi HÍ í heild


Sæunn Stefánsdóttir nýr þróunarstjóri

Skipulags- og bílastæðamál

Ný þróunaráætlun fyrir háskólasvæðið



- Á háskólaþingi 17. jan. var kynnt og rædd ný þróunaráætlun fyrir háskólasvæðið sem unnin hefur verið á vettvangi skipulagsnefndar HÍ í samstarfi við Reykjavíkurborg og erlenda ráðgjafa
- Þróunaráætlunin gerir m.a. ráð fyrir grænum hringgarði um háskólasvæðið, Suðurgötu verði breytt í vistgötu, Borgarlína fari um Suðurgötu og Vatnsmýri, undirgöng gerð undir Hringbraut o.fl. Fleiri breytingar eru í farvatninu, s.s. hugmyndasamkeppni um Hagatorg o.fl.
- Skipulagsnefnd HÍ vinnur að framkvæmda- og tímaáætlun sem lögð verður fyrir háskólaráð til afgreiðslu fyrir lok háskólaársins



Bílastæðamál

- Gjaldtaka af bílastæðum til umfjöllunar undanfarin misseri
- Á háskólaþingi 17. jan. voru kynntar mögulegar útfærslur
- Samþykkt að fela framkvæmda- og tæknisviði að undirbúa tillögu í samráði við Landspítala, Þjóðarbókhöðu o.fl. hagaðila
- Unnið að undirbúningi útboðs vegna þjónustu við rekstur bílastæða og eftirlit með þeim, m.a. í samstarfi við Ríkiskaup
- Ákvörðun um útfærslu tekin af háskólaráði í mars/apríl
- Aformað að nýtt fyrirkomulag taki gildi í haust

Fréttir af fræðasviðunum

Félagsvísindasvið

- Lokaráðstefna WELFARE verkefnisins sem miðar að því að byggja upp færni í samfélagslegu nýsköpunarstarfi meðal fagfólks, þriðja geirans og háskólanema var haldin 30. jan.
- Málstofa Lagastofnunar HÍ um gervigreind og persónuvernd 7. feb.
- Málþing Félagsfræðingafélags Íslands um byggðarannsóknir 8. feb.
- Ráðstefnan Viðskipti og vísindi haldin dagana 11.-15. mars
- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor við Hagfræðideild, hlaut ásamt Matthias Wibrál, dósent við Maastricht háskóla, öndvegisstyrk úr Rannsóknasjóði
- Mörg verkefni með aðkomu FVS hlutu styrk úr Samstarfi háskóla
- Verkefnastjórnunarnám Viðskiptafræðideildar hlaut á dögnum vottun frá International Project Management Association (IPMA).
- Dagana 24.-26. apríl fara fram norrænir fjármunaréttardagar í Reykjavík á vegum Lagadeildar og Lagastofnunar HÍ

Heilbrigðisvísindasvið

- Matvæla- og næringarfræðideild flytur frá Aragötu í Nýja-Garð
- Fasi tvö af Áfallasögu kvenna hófst í janúar þar sem um 30.000 þátttakendur svara nýjum spurningalista um áföll, lífsstíl og heilsufar
- Uppbygging á nýju færni- og hermisetri HVS í Eirbergi (HERMÍS) er á lokametrunum og hefur þegar verið tekið í notkun að hluta
- HVS fékk 250 m.kr. styrk frá HVIN til að styðja við fjölgun nema í læknisfræði og hjúkrunarfræði
- Unnur Þorsteinsdóttir lætur af störfum sem forseti HVS og snýr aftur til starfa við rannsóknir hjá ÍE. Ingibjörg Gunnarsdóttir, aðstoðarreaktor vísinda, mun gegna starfinu tímabundið þar til nýr forseti hefur verið ráðinn
- Jarðvinna er á fullu við nýtt hús sviðsins

Hugvísindasvið

- Anna Jóna Ingu Ólafardóttir er nýr rekstrarstjóri kennslu- og stjórnarsýslu
- Hugvísindasvið hlaut fjóra veglega styrki úr Samstarfi háskóla.
- Meðal styrktra verkefna eru Vettvangsakademía fyrir kennslu og rannsóknir á sviði íslenskrar fornleifafraeði í samstarfi við Hóla og samstarf við LHÍ um rannsóknánám í listum og listfraeði
- Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor við Deild heimspeki, sagnfraeði og fornleifafraeði, hlaut öndvegisstyrk úr Rannsóknasjóði ásamt Guðbjörgu R. Jóhannesdóttur, Kristínu Valsdóttur, Birni Þorsteinssyni og Donata Schoeller
- Þróunarverkefni um hæfnimiðað stöðumat í íslensku sem öðru máli hefur hlotið veglegan styrk frá Mennta- og barnamálaráðuneyti
- Undirbúningur Hugvísindapings er í fullum gangi. Nú verða málsstofur í þinginu 44. Carolyne Larrington, prófessor emerita í evrópskum miðaldafræðum verður hátíðarfyrirlesari að þessu sinni

Menntavísindasvið

- Málstofuröð um PISA og menntakerfið í samvinnu við stóran hóp hagaðila. 15. jan. var fjallað um stöðu stærðfræðilæsis og 23. jan. um læsi og lesskilning. Næstu málstofur verða um læsi í náttúruvísindum, viðhorf skólastjórnenda, samstarf heimila og skóla og menntun og ójöfnuð
- Ráðstefnan Farsæld og menntun barna í skóla- og frístundastarfi 19. jan. Kynning á nýju námi á sviði tilfinninga- og félagsfærni og undirrituð samstarfsyfirlýsing við breiðan hóp samstarfsaðila
- Undirbúningur flutnings MVS í Sögu stendur yfir. Mörg handtök fram undan og jafnframt gríðarleg sóknarfæri
- MVS leiðir tvö verkefni sem hlutu styrk úr Samstarfi háskóla, innleiðing á raunfærnimati á háskólastigi og verkefni um inngildandi háskólanám
- Kristján Kristjánsson, prófessor við MVS og Birmingham háskóla var gerður að heiðursdoktor við Utrecht háskóla í Hollandi

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

- VoN var áberandi tæknidegi UTmessunnar 3. feb. Kynning á tækni við vöktun jarðhræringa á Reykjanesi, þróun hraunrennslislíkana, vinnu við mælingar á hopi jökla, netöryggi, forritun vélmenna o.fl.
- Hönnunarkeppni verkfræðinema haldin í 32. sinn á UTmessu og 6 lið spreyttu sig á brautinni fyrir fullum sal áhorfenda
- VoN fékk 250 m.kr. styrk frá HVIN til að sporna við brottfalli og fjölga nemendum í STEM-greinum
- 18. jan. útgáfuhóf vegna bókarinnar Statistical Modeling Using Bayesian Latent Gaussian Models – With Applications in Geophysics and Environmental Sciences. Ritstjóri er Birgir Hrafnkelsson, prófessor í tölfræði við Raunvísindadeild HÍ
- Meistaradagur Náttúruvísinda var haldinn 25. jan. í Öskju þar sem 8 nemendur við Líf- og umhverfisvísindadeild og Jarðvísindadeild sem brautskrást í febrúar kynntu lokaverkefni sín
- Ný vísindagrein um tilurð kvikugangsins á Reykjanesi í nóvember sl. var birt í hinu virta tímariti Science 8. feb. Alþjóðlegur hópur vísindamanna stendur að greininni undir forystu HÍ og Veðurstofu, og er Freysteinn Sigmundsson einn aðalhöfunda



Fram undan

A photograph of a graduation ceremony on a stage. A man in a white suit is handing a diploma to a man in a blue academic gown with a white stole. Two other men in suits are seated in the background. The stage is decorated with blue curtains, spotlights, and several Icelandic flags. A yellow banner with blue text is overlaid at the bottom.

Brautskráning kandídata í Háskólabíói 23. febrúar



HÍ

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ást Þísa Áspólfur Vánerfrótt - BS

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ing Níca Magnúsdóttir Vánerfrótt - BS

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ást Þísa Áspólfur Vánerfrótt - BS

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ing Níca Magnúsdóttir Vánerfrótt - BS

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ing Níca Magnúsdóttir Vánerfrótt - BS

MICHAEL KORS



Háskóladagurinn 2. mars

Opnun Vigdísarsýningar í mars



Flutningur Menntavísindasviðs í Sögu



Nýtt hús Heilbrigðisvísindasviðs

